

**93. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. febrúar 2020  
og hófst hann kl. 08:18.**

**Fundinn sátu:**

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kristján Andri Guðjónsson.

**Embættismenn:**

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi, Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Rotþrær og seyra 2020 - 2020010029**

Umræður um þjónustu við rotþrær í sveitarfélaginu með tilliti til reglugerða. Umhverfis- og framkvæmdanefnd óskar eftir skýrsluhöfundi á fund nefndar.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd óskar eftir minnisblaði frá Verkís með samanburði valkosta vegna losunar rotþróa í sveitarfélaginu.*

**Gestir**

Jóhann Birkir Helgason - 08:18

**2. Ruslahreinsun á Hornströndum - 2018020088**

Lagt fram erindi Gauta Geirs dags. 31.1.2020 vegna hreinsunar í friðlandi Hornstranda.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja styrkbeiðni um hreinsun á Hornströndum.*

**3. Glersöfnun frá heimilum - 2019010001**

Glersöfnun í sveitarfélaginu. Á árinu 2019 var safnað 1200 kg af gleri í 5 kör sem er búið að dreifa í sveitarfélaginu. Til að auka árangur leggur umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar til að glersöfnunarkörum verði fjölgað um 2 kör á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd lýsir yfir ánægju með árangur í glersöfnun í sveitarfélaginu og samþykkir fjölgun á glerkörum.*

**4. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030**

Eftirfarandi erindi var vísað til umhverfis- og framkvæmdanefndar af 533. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 29. jan., sl.

*Umhverfisfulltrúa falið að skoða skýrslu með hliðsjón af lagabreytingum.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:37**

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Steinunn Guðný Einarsdóttir

---

Aðalsteinn Egill Traustason

---

Helga Dóra Kristjánsdóttir

---

Kristján Andri Guðjónsson

---

Ralf Trylla

---

Axel Rodriguez Överby

---

Helga Þuríður Magnúsdóttir